

**Ed.**

**281 Framhaldsnefndarátt**

um frumvarp til sveitarstjórnarlaga.

Frá allsherjarnefnd.

Frumvarp þetta er nú komið aftur frá háttv. Nd., er hefir gert eina óverulega breyting á því, nefnli. þá, að sömu ákvæði eru tekin upp í frv. um endurskoðun fjallskilasjóðsreikninga í þeim hreppum, er eiga fjallskilasjóði, og sveitarsjóðsreikninganna.

Nefndin lítur svo á, að þessi breyting sje til skýringar, það sem hún nær, en vill taka það fram, að um fleiri sjóði getur verið að ræða, sem eru undir umsjón hreppsnefnda.

Að sjálfsögðu er ætlast til, að um endurskoðun ársreikninga slíkra sjóða, hverju nafni sem nefnast, fari eins og um endurskoðun sveitarsjóðsreikninganna, og sú mun hafa verið venja, þótt engin ákvæði um það hafi staðið í sveitarstjórnarlögunum.

Að svo mæltu leggur nefndin til, að frumvarpið verði samþykkt.

Alþingi, 30. mars 1927.

Jóh. Jóhannesson,  
form.

Guðm. Ólafsson,  
fundaskr. og frsm.

Jóhann P. Jósefsson.